

**Fundargerð stjórnar BÍS 19/2016, miðvikudaginn 26. október 2016 kl. 17:30  
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

**Mættir:**

Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Tryggvi Bragason dagskráráði og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

**Fjarverandi:** Bragi Björnsson skátahöfðingi, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskráráðs, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri.

**Gestir við meginviðfangsefni 1:** Dagbjört Brynjarsdóttir verkefnastjóri dagskrár- og fræðsluráða, Júlíus Aðalsteinsson félagsmálastjóri – starfsmaður alþjóðaráðs og félagaráðs.

**Dagskrá:**

**1) Setning**

Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi bauð fundarmenn velkomna.

**2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt.**

**3) Yfirlit stjórnarmanna:** Frestað til næsta fundar.

**4) Meginviðfangsefni 1:**

**a. Félagaráð – staða skátafélaga**

Starfsfólk BÍS, Júlíus og Dagbjört, fóru yfir stöðu skátafélaganna og er hún misgóð, sjá yfirlit. Það er stundum erfitt að ná til sumra félaga. Rætt var um mögulegar leiðir til að ná til félagsfóringja og stjórna til að efla starfið. Rætt um að gera lista yfir hverjar eiga að vera lágmarkskröfur til að starfa sem skátafélag, t.d. setja ákveðnar kröfur til skátafélaganna um aldur fóringja og menntun í skátafræðum og aðferðum. Júlíusi og Dagbjörtu var falið að setja upp drög að lista yfir lágmarkskröfur til skátafélaga. Stefnt er að því að ná fundi með SSR um samstarf á þróun og uppbyggingu skátastarfs í Reykjavík og halda samskonar fundi með skátafélögum í kraganum og utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrir fundinn þurfa að liggja fyrir tölulegar upplýsingar: fjölgun/fækkun félaga á mismunandi aldursstigum, styrkleikar- veikleikar í starfinu, leiðtogaþjálfun fóringja, hvað er hægt að gera til að hjálpa og styðja við uppbyggingu. Málinu er vísað til framkvæmdaráðs að fylgja eftir. BÍS er beðið að taka saman tölulegar upplýsingar.

**5) Meginviðfangsefni 2:**

**6) Mál til kynningar:**

**a. Samskiptaáætlun til áramóta**

Heiður fór yfir verklag sem sýnir hvernig BÍS notar samskiptaáætlunina í daglegum samskiptum og miðlun upplýsinga.

**7) Mál til afgreiðslu og bókunar:**

**a. Ábyrgð skátafélaga á skátum** sem ekki eru starfandi og hafa ekki verið starfandi í nokkur ár. Þetta tengist lögum BÍS um að fullorðnir geti verið með beina aðild að BÍS. Tekið fyrir á næsta fundi.

**b. Landsmót – tíðni móta** – frestað til næsta fundar.

## 8) Önnur mál

- a. **Vefir og uppbygging stoðefnis.** Rætt var um uppbyggingu heimasíðu og stoðefnis vegna skátastarfs í landinu. Rætt hvort ætti að kenna undirsíðurnar við ráðin eða það skátastarf sem efnið nýtist sem stuðningsefni fyrir. Það er þörf á að fá heildarsvip og hreina umgjörð um efni heimasíðu skátanna svo auðvelt sé að leita að efni.
- b. **Bland í poka.** Rætt er um að hafa Bland í poka í tengslum við næsta félagsforingjafund sem verður laugardaginn 4. febrúar 2017. Grunnskólinn á Hvammstanga er laus um þessa helgi fyrir viðburðinn sem yrði þá 3.-5. febrúar. Samþykkt er að halda sig við þessar dagsetningar og staðsetningu á Hvammstanga.

### Úr viðburðadagatali BÍS:

Mán	Dags	Heiti viðburðar
	25	Kaffihúsakvöld Rekka- og róvernets - Jötunheimum Garðabæ
	25	Verndum þau námskeið
	Breytt dags	Öræfalíf rekkaskáta
nóv'16	2.	Upphafsdagur skátastarfs á Íslandi
	2	Krísufundur róverskáta
	5	Gilwell - 2. skref
	6	Fálkaskátadagurinn - Kópar og viðburðateymi
	6.-11.	Network Meeting for External Representatives, í Budapest
	14	Endurfundur skáta
	19	Gilwell - 4. skref
	21	Fræðslukvöld
	26. - 27.	Aðventuhátíð Úlfliótsvatns
	nóv/des	Gilwell 3. skref - vettvangsnám
des'16	3. - 4.	Aðventuhátíð Úlfliótsvatns
	10. - 11.	Aðventuhátíð Úlfliótsvatns
		Rovernet-Venturennet
	12	Endurfundur skáta
	22	Kaffihúsakvöld
	27. - 29.	Á norðurslóð

Fundi slitið kl. 20:25  
Fundargerð ritaði SÁ.